

Breytingatillaga við tillögu um breytingar á reglum um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík.

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi breytingar á reglum um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík og feli umhverfis- og skipulagssviði að útfæra þær nánar. Drög að uppfærðum reglum verði lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð til afgreiðslu áður en þær eru lagðar fyrir borgarráð til endanlegrar meðferðar.

1. Hámarksfjöldi bílastæða verði afdnuminn.

Ekki verði lengur sett efri mörk á fjölda bílastæða við uppbyggingu.

2. Lágmarksviðmið verði einföld og skýr:

- Miða skal við að almennt sé gert ráð fyrir að lágmarki einu bílastæði á hverja íbúð.
- Fyrir íbúðir með þrjú herbergi eða fleiri skal almennt miða við að lágmarki 1,5 bílastæði á íbúð.

3. Svæðaskipting verði felld niður.

Ekki verði lengur gerður greinarmunur á svæði I og II við ákvörðun bílastæðafjölda.

4. Sveigjanleiki verði aukinn:

Byggingaraðilum verði heimilt, á eigin ábyrgð og með rökstuðningi, að víkja frá framangreindum viðmiðum um fjölda bílastæða ef þeir telja forsendur til.

Greinargerð

Núgildandi reglur byggja á flóknu kerfi viðmiða, hámarka og svæðaskiptingar sem gerir ráð fyrir mismunandi þörf fyrir bílastæði eftir staðsetningu og stefnu um breyttar ferðavenjur. Í framkvæmd hefur þetta kerfi aukið óvissu, tafir og kostnað við uppbyggingu.

Með því að afnema hámarksreglur og svæðaskiptingu er stigið skref í átt að einfaldara og gagnsærra regluverki. Markmiðið er að færa ábyrgð og ákvörðunarvald nær markaðnum og tryggja að raunveruleg eftirspurn, fremur en miðstýrð viðmið, ráði uppbyggingu.

Lágmarksviðmið tryggja að grunnþörf íbúa sé uppfyllt, en taka jafnframt mið af mismunandi þörfum eftir stærð íbúða. Stærri íbúðir eru að jafnaði ætlaðar fjölskyldum og heimilum með meiri bílaþörf, og því er eðlilegt að gera ráð fyrir hærri viðmiði í þeim tilvikum.

Jafnframt er byggingaraðilum veitt svigrúm til að þróa fjölbreyttari lausnir þar sem aðstæður leyfa.

Tillagan styður þannig við einfaldara regluverk, hraðari uppbyggingu og betri aðlögun að raunverulegri eftirspurn, án þess að útiloka nýjar samgöngulausnir eða breytta ferðavenju í framtíðinni.